

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 83/96
frá 13. desember 1996**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/94 frá 7. júní 1994⁽¹⁾.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til áætlunar bandalagsins til margra ára um að efla þróun margmiðlunariðnaðar í Evrópu og hvetja til notkunar á margmiðlunarefni í því upplýsingaþjóðfélagi sem verið er að koma á (INFO 2000)(ákvörðun ráðsins 96/339/EB)⁽²⁾.

Því ber að breyta bókun 31 til að gera ráð fyrir að þessi aukna samvinna hefjist 1. janúar 1996.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. í bókun 31 við samninginn:

„ - 396 D 0339: Ákvörðun ráðsins 96/339/EB frá 20. maí 1996 um samþykkt áætlunar bandalagsins til margra ára um að efla þróun margmiðlunariðnaðar í Evrópu og hvetja til notkunar á margmiðlunarefni í því upplýsingaþjóðfélagi sem verið er að koma á (INFO 2000)(Stjtið. EB nr. L 129, 30. 5. 1996, bls. 24).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 198, 30. 7. 1994, bls. 142 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 30. 7. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 129, 30. 5. 1996, bls. 24.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1996.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 13. desember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner